

Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið
Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið

Ársskýrsla Þjóðleikhússins

2016



Efnisinnihald

Greinargerð ársins 2016.....	2
Listræn markmið:.....	3
Innra starf.....	4
Endurnýjun tækjabúnaðar	5
<i>Rekstur Þjóðleikhússins 2016.....</i>	<i>7</i>
<i>Rekstrarleg markmið:.....</i>	<i>7</i>
Þjóðleikhúsráð.....	8
Endurmenntunarstefna Þjóðleikhússins.....	9
<i>ÞEKKING OG PRÓUN</i>	<i>9</i>
Leiksýningar í Þjóðleikhúsinu 2016	11
Íslensk dansverk, samstarfsverkefni frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2014: ...	Error! Bookmark not defined.
Verk fyrir börn og unglinga í boði á árinu, ný og eldri:	Error! Bookmark not defined.
Rekstrarreikningur Þjóðleikhússins 2015.....	17
Fjöldi starfsmanna eftir starfssviðum:	17

Greinargerð ársins 2016

Þjóðleikhúsið er samfélag okkar allra sem hér starfa og allir leggja metnað sinn í að gera heimsókn gesta sem eftirminnilegasta. Allir leggja metnað og alúð í verk sín. Þetta gera starfsmenn Þjóðleikhússins með væntumþykju fyrir áhorfendum af öllu tagi um allt land, því sá sem ekki ann fólkinu er ekki heldur fær um að skapa listaverk í neinu formi. Og það er ekki einhlítt að þekkja eða skilja það fólk sem maður ætlar listaverk sín, manni verður líka að þykja vænt um það, - að öðrum kosti getur listaverk ekki orðið til.

Þegar tjaldið er dregið frá hafa margir komið að því að gera sviðið klárt, passa að allt sé á sínum stað og allir séu tilbúnir. Undanfari þess er langur undirbúningur með æfingum í tvo mánuði og starfi listrænna aðstandenda með tæknifólki leikhússins í á annað ár. Og höfundavinnan stendur jafnvel enn lengur.

Hér eru allir mikilvægir: leikararnir og listrænir höfundar og hönnuðir, fólk sem tekur á móti gestunum, fólk sem sér um launin og fjárhaginn, fólk sem skúrar, fólk sem finnur upp leiklausnir og tryggir öryggi á sviðinu, fólk sem saumar, fólk sem smíðar, fólk sem eldar.

Vegna þess að við viljum bjóða okkar fólk upp á það allra besta. Og við viljum bjóða áhorfendum upp á allt hið besta.

Það er von mín að sá vilji komi fram í verkefnavali að þar fari saman frumleiki, andríki, einlægni og hreinskilni um leið og við reynum að svara spurningunni um hvað það er að vera mannlegur. Þannig getum við saman sigrast á erfiðleikum og tómhyggju; þannig getum við glaðst saman og lyft andanum.

Árið 2016 voru frumsýnd ný íslensk leikrit, lögð sérstök rækt við leiklist fyrir börn, farið í leikferðir um landið, kynntir til leiks nýir leikhúlistamenn, sýnd klassísk verk með nýrri sýn, boðið upp á ný erlend verk, glatt og kafað djúpt. Listamenn Þjóðleikhússins eru konur og karlar á öllum aldri, sumir nýir og aðrir reyndir, en allir djarfir og örlátir og tilbúnir til að leggja sig fram um að heimsókn í Þjóðleikhúsið verði einstök upplifun.

Þjóðleikhúsið skal leggja sérstaka rækt við íslenska tungu og kappkosta að vera til fyrirmyndar um listrænan flutning leikverka, því Þjóðleikhúsinu er ætlað að vera allt í senn listastofnun sem ögrar áhorfendum og skemmtir þeim á öllum aldri, vera menningarstofnun sem er rekin í þágu alls almennings í landinu og uppeldisstofnun sem ali upp nýja áhorfendur með metnaðarfullu leiklistarstarfi.

Í stefnumótun Þjóðleikhússins eru sett fram þau markmið að huga að leikhúsuppeldi barna og unglinga með því að setja árlega upp metnaðarfullar leiksýningar fyrir þennan hóp. Aðgangur barna og unglinga að leiklist verði aukinn með því að fjölga þeim stöðum á landsbyggðinni sem heimsóttir verða í leikferðum með sýningum sem sérstaklega eru ætlaðar fyrir börn.

Þetta var m.a. framkvæmt á árinu þegar börnum um allt land var boðið á leiksýninguna Lofthræddi örninn Örvar sem sýndur var á 20 stöðum á landinu öllu í kjölfar frumsýningar í Vestmannaeyjum. Á sama tíma var öllum börnum í elsta bekk leikskóla á höfuðborgarsvæðinu boðið í leikhús áttunda árið í röð. Það er þekkt að aðgengi að menningu eykur víðsýni og umburðarlyndi og þátttaka í menningarstarfi eykur vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Menningarstarf um allt

land hvetur til félagslegra samskipta og dregur úr hættu á menningarlegri einangrun einstaklinga og hópa. Þess vegna var lögð sérstök áhersla á barnamenningu.



Listræn markmið:

- Samsetning verkefna endurspeglir þarfir listamanna um leið og tryggt er að sjálfaflafé sé nóg til að standa undir þeim hluta starfseminnar sem ekki er greiddur með framlagi ríkisins
- Sýnd séu jöfnum höndum ný og klassísk erlend afburðaverk, helst til helminga við íslensk verk
- Á hverjum tíma séu 1-2 leikskáld á launum hjá Þjóðleikhúsinu við að þróa eigin verk og vinna að leikgerðum
- Hugað sé sérstaklega að leikhúsuppeldi barna og unglunga með því að setja árlega upp metnaðarfullar leiksýningar fyrir þennan hóp
- Tryggt sé erlent samstarf við höfuðstofnanir í leiklistar í Evrópu og að ræktuð sé samvinna við atvinnuveitendur í sviðslistum í Evrópu, PEARLE með það að markmiði að hingað komi reglulega listrænir stjórnendur í fremstu röð til starfa
- Tryggt sé að í hverjum aldursflokki séu afburða leikarar fastráðnir við húsið. Þetta sé gert með endurmati á samsetningu leikhópsins og með því að tryggja lykillistamönnum verðug viðfangsefni
- Unnið sé að því að þroska og efla íslenska leikstjóra með því að ráða til lengri tíma við leikhúsið en nú er gert. Þar væri litið til tveggja ára í senn hið minnsta og að hver setti upp tvær sýningar á ári. Með þessu væri þeim leikstjórum sem við húsið starfa tryggður tryggari atvinnugrundvöllur og aukinn stöðugleiki myndi skapast í listrænu tilliti. Mögulega mun slíkur háttur einnig auka framleiðni

- Ráða leikmynda- og búningahöfunda til lengri tíma en áður. Með því mun skapast aukinn stöðugleiki við framleiðslu leiksýninga
- Auka aðkomu listamanna að ákvarðanatöku í leikhúsinu og gera þá þannig meðeigendur að listrænni stefnu leikhússins
- Tengja Þjóðleikhúsið við menningarstarf í þágu ungs fólks á landsbyggðinni með því að efna til og fylgja eftir Þjóðleiksverkefninu í samstarfi við menningarmiðstöðvar og sveitarfélög.



Innra starf

Þjóðleikhúsið hlúði að innra starfi leikhússins með reglulegum starfsmannafundum, endurmatsfundum eftir frumsýningar sýninga og samverustundum starfsmanna. Starfsmannastefna Þjóðleikhússins er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins. Jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins og aðgerðaáætlun með markmiðum og tímamörkum er aðgengileg á vef leikhússins og innra neti þess. Þar má líka finna aðgerðaáætlun með viðbrögðum við einelti og kynferðislegri áreitni. Þjóðleikhúsið leggur áherslu á að starfsmenn viðhaldi og þrói þekkingu sína og faglega hæfni til aukinnar ánægju í starfi, meiri hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar og betri þjónustu við viðskiptavinum. Lögð er áhersla á að starfsmenn taki frumkvæði og séu sjálfstæðir í starfi. Á launaskrá eru rúmlega 300 og af þeim eru tæplega 100 ráðnir ótímabundinni ráðningu. Kynjahlutfall er því sem næst jafnt.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á starfsemi þess og rekstri, bæði listrænum og fjárhagslegum.

Skrifstofustjóri rekstrar og verkefnastjóri vinna með leikhússtjóra að rekstrarlegri áætlanagerð og skipulagi starfseminnar í samráði við deildarformenn og aðra stjórnendur.

Listasvið:

Þjóðleikhússtjóri stýrir starfi á listasviði. Undir listasvið heyrir leiklistarráðunautur, listrænir stjórnendur og höfundar, leikarar og annað sviðslistafólk, auk fræðslustjóra og forstöðumanns barnastarfs. Undir listasvið heyrir einnig listráð og bóka- og gagnasafn leikhússins.

Rekstrarskrifstofa:

Skrifstofustjóri stýrir starfi á rekstrarsviði og með honum verkefnastjóri. Undir rekstrarsvið heyrir fjármálastjóri, yfirbókari og launafulltrúi. Undir rekstrarsvið heyrir einnig rekstur hússins og öryggismál, lagerhald, bakdyravarsla, mötuneyti og þrif.

Markaðsdeild:

Markaðsstjóri ber ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum leikhússins. Á markaðsdeild starfa auk markaðsstjóra, kynningarfulltrúi, móttöku- og miðasölustjóri og starfsfólk í miðasölu, veitingasölu og þjónusturýmum.



Endurnýjun tækjabúnaðar

Á árinu var unnið áfram að úttekt á stöðu tæknimála í Þjóðleikhúsinu og liggja inni í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu drög að frumathugunarskýrslu sem Framkvæmdasýslan vann. Þar kemur

m.a. fram að til þess að koma tæknimálum leikhússins í ágætt horf þurfi að verja 5-700 milljónum króna. Þar vegi mest flugkerfið. Sem væri stórfamkvæmd upp á yfir 300 millj.kr.

Hins vegar fengust á árinu 2016 80 millj.kr. til endurnýjunar tækjabúnaðar og voru keypt ljós, punktalyftur, tölvubúnaður til stýringar á hringsviði og flugkerfi og ýmislegt annað sem samtals kostaði 85 millj.kr. á árinu. Þessum endurbótum mun svo fram haldið árið 2017. Þetta var mjög mikilvægt fyrir rekstur leikhússins og öryggi starfsmanna sem starfa á og við sviðið og ber að þakka Alþingi og ráðherra sem hlutaðist til um þessa fjárveitingu.



Starfsmannamál

Á hverju ári gerir Þjóðleikhúsið marga tugi ráðningarsamninga við starfsmenn sem flestir eru ráðnir tímabundið til listrænna starfa. Þannig komu m.a. þessir einstaklingar til listrænna starfa í Þjóðleikhúsinu í fyrsta sinn (eða á nýjum starfsvettvangi):

Snæfríður Ingvarsdóttir, Aldís Amah Hamilton, Gréta Kristín Ómarsdóttir, Björn Ingi Hilmarsson, Elvar Logi Hannesson, Bjarni Haukur Þórsson, Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinn Jónsson, Sigurður Guðmundsson, Þorsteinn Einarsson, Guðmundur Óskar Guðmundsson, Hjörtur Ingvi Jóhannsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson, Örn Eldjárn, Margrét Bjarnadóttir, Elín Smáradóttir, Haraldur Ari Stefánsson, Kolbrún María Másdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Vignir Snær Vigfússon, Benedikt Brynleifsson, Róbert Þórhallsson, Bjarney Elín Hauksdóttir, Hólmgeir Gauti Agnarsson, Stefán Franz Guðnason, Viktor Máni Baldursson, Guðjón Davíð Karlsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Björn Kristjánsson, Sunneva Ása Weissappel, Valur Grettisson, Jóhann Friðrik Ágústsson, Anna K Einarsdóttir og Roland Hamilton.

Að auki má nefna að til starfa tók nýr markaðsstjóri, Atli Þór Albertsson og listakokkurinn Friðrik V Karlsson.



Rekstur Þjóðleikhússins 2016

Eins og fram kom í ársskýrslu síðasta árs hefur verið viðfangsefni rekstrar 2015 og 2016 að greiða niður rekstrarhalla sem skapaðist árið þar á undan. Rekstrarhagnaður 2016 var rúmlega 31 millj.kr., annað árið í röð, sem þýðir að nú er afkoman jákvæð um rúmar 20 millj.kr. Þessi góði árangur hefur eingöngu náðst með ströngu kostnaðaraðhaldi við framleiðslu leiksýninga og er frábæru starfsfólki að þakka.

Rekstrarleg markmið:

- Leitast við að viðhalda góðri aðsókn að leikhúsinu
- Vanda áætlanagerð og eftirlit með framfylgd
- Auka kostnaðaraðhald á öllum stigum rekstrar
- Vanda verkþókhald og áætlanir um kostnað einstakra leikverka og efla daglegt eftirlit yfirstjórnar með því að slíkar áætlanir gangi eftir
- Tryggja að færsla bókhalds gefi glögga mynd af rekstrinum og stöðu á hverjum tíma
- Reka leikhúsið í samræmi við áætlanir
- Eiga í virkum samskiptum við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins um starfsmannamál og skilvirka samningagerð
- Eiga í virkum samskiptum við Ríkiseignir og fylgja eftir þeim þörfum sem snúa að viðhaldi, endurnýjun og bættri aðstöðu
- Gæta hagsmuna Þjóðleikhússins gagnvart opinberum aðilum, félagasamtökum og einstaklingum og leitast við að tryggja rétt leikhússins í öllum álitamálum

Þjóðleikhúsráð

- Eyþór Arnalds, skipaður án tilnefningar.
- Herdís Þórðardóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar.
- Ragnar Kjartansson, skipaður án tilnefningar.
- Birna Hafstein, tilnefnd af FÍL, Félagi íslenskra leikara.
- Páll Baldvin Baldvinsson, tilnefndur af FLÍ, Félagi leikstjóra á Íslandi.
- Trygve Jónas Eliassen, áheyrnarfulltrúi starfsmanna.



Starfsmannamál

Þjóðleikhúsið hélt áfram að hlúa að innra starfi leikhússins með reglulegum starfsmannafundum, endurmatsfundum eftir frumsýningar sýninga og samverustundum starfsmanna. Einnig heldur þjóðleikhússtjóri, ásamt leiklistarráðunaut, reglulega fundi með leikarahópi hússins. Ásamt leiklistarráðunaut tekur þjóðleikhússtjóri viðtöl árlega við hvern leikara hússins.

Starfsmannastefna Þjóðleikhússins er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Teknar voru saman leiðbeiningar fyrir nýja starfsmenn, sem eru uppfærðar reglulega á innra neti leikhússins.

Jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins og aðgerðaáætlun með markmiðum og tímamörkum er aðgengileg á vef leikhússins og innra neti þess. Þar má líka finna aðgerðaáætlun með viðbrögðum við einelti og kynferðislegri áreitni.

Endurmenntunarstefna Þjóðleikhússins

ÞEKING OG ÞRÓUN

Þjóðleikhúsið leggur áherslu á að starfsmenn viðhaldi og þrói þekkingu sína og faglega hæfni til aukinnar ánægju í starfi, meiri hagkvæmni í rekstri stofnunarinnar og betri þjónustu við viðskiptavinum. Lögð er áhersla á að starfsmenn taki frumkvæði og séu sjálfstæðir í starfi. Mikilvægt er að starfsmenn deili þekkingu sinni og séu reiðubúnir til að aðstoða hver annan í daglegum viðfangsefnum. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og viðkomandi yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Með endurmenntunarstefnu Þjóðleikhússins er staðfest mikilvægi þess að starfsmönnum sé gert kleift að viðhalda kunnáttu sinni, auka þekkingu og efla færni í starfi. Lögð er rík áhersla á hagnýta og faglega þekkingu sem eykur verðmæti þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir. Starfsmenn eru hvattir til að vera vakandi fyrir tækifærum til aukinnar þekkingar, þjálfunar og fræðslu.

ENDURMENNTUNARSTEFNAN NÆR TIL:

- Námskeiða og þjálfunar að tilhlutan Þjóðleikhússins
- Náms með starfi, tilslökunar á vinnutíma og möguleika á námsstyrk
- Námsleyfa sem starfsmönnum er veitt sem ætluð eru til að sinna endurmenntun á eigin vegum

FRAMKVÆMD

Starfsmenn og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á endurmenntun. Starfsmenn geta komið óskum sínum um endurmenntun á framfæri í árlegu starfsmannasamtali. Þjóðleikhússtjóri gerir

endurmenntunaráætlun fyrir leikhúsið í heild sinni, en deildarstjórar fyrir sínar deildir sem felur m.a. í sér mat á fræðslu- og þjálfunarpörf og hvaða fræðsluleiðir eru færar. Halda ber skrá yfir það nám og námskeið sem starfsfólk sækir á vegum leikhússins.

LEIKARAR

Í sérstöku samkomulagi milli Leikarafélags Íslands og Þjóðleikhússins um starfsskyldur og vinnutíma, sem er ígildi stofnanasamnings, er m.a. kveðið á um tilhögun fræðslumála. Þar segir að starfsmanni sé heimilt að óska eftir allt að þriggja mánaða námsleyfi á launum á 5 ára fresti í samráði við þjóðleikhússtjóra. Slíkt leyfi skal sækja um að vori vegna komandi leikárs. Fyrirvari getur þó verið skemmri ef um það næst sátt milli aðila.

Þetta ákvæði er svo orðað vegna þess að uppi getur verið sú staða ef fyrirvari er minni en þar er greint, að leikhúsið geti illa orðið við óskum um námsleyfi með skemmri fyrirvara án þess að raska verulega sýningaáætlun. Því er einungis veitt námsleyfi með styttri fyrirvara að slíkt raski ekki sýningaáætlunum. Eins getur verið illmögulegt eða kostnaðarsamt að ráða leikara í stað þess sem fer í námsleyfi með minni fyrirvara.

UMSÓKNIR

Umsóknir skulu berast skriflega fyrir 1.maí vegna næsta leikárs á eftir og skal þeim svarað skriflega. Í umsókninni skal taka fram heiti náms eða námskeiðs, hvaða stofnun eða skóli veiti námið, hvernig námið tengist starfi viðkomandi hjá Þjóðleikhúsinu, hversu langt námið/námskeiðið er, hvenær það hefjist og hvenær því lýkur.

REGLUR UM SKIPAN ÖRYGGISMÁLA VIÐ LEIKSÝNINGAR

Halda skal öryggisfund áður en æfingar hefjast á leiksviði.

Fundinn skal verkefnastjóri boða og hann sitja auk hans: tæknistjóri, leikstjóri sýningar, leikmyndahöfundur sýningar, leiksviðsstjóri, sýningarstjóri og trúnaðarmaður leikara.

Á fundinum skal fara yfir öll öryggisatriði við framkvæmd, keyrslu og uppsetningu sýningar: Hvort leikurum sé ætlað að framkvæma eitthvað sem getur verið þeim hættulegt, hvort tæknifólki geti verið hættu búin við keyrslu sýninga og hvort eitthvað við uppsetningu eða niðurtekt leikmynda sé varhugavert.

Allir þeir sem fundinn sitja hafa þá sameiginlegu ábyrgð að tryggja öryggi starfsmanna Þjóðleikhússins og eftir atvikum áhorfenda.

Þjóðleikhúsið leggur metnað sinn í að fara eftir lögum og reglum um vinnuvernd og að búnaður leikhússins sé eins tryggur og mögulegt er.

Leiksýningar í Þjóðleikhúsinu 2016

Frumskýningar á eigin sýningum Þjóðleikhússins:

1. Umhverfis jörðina á 80 dögum fjölskyldusýning eftir Sigurð Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson. Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir. Frumsýning á Stóra sviðinu 23. janúar. 4.716 áhorfendur.
2. Hleyptu þeim rétta inn eftir John Ajvide Lindqvist. Leikgerð: Jack Thorne. Leikstjórn: Selma Björnsdóttir. Frumsýning á Stóra sviðinu 10. mars. 4.476 áhorfendur.
3. Djöflaeyjan eftir Einar Kárason. Handrit: Atli Rafn Sigurðarson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir og leikhópurinn. Söngtextar: Bragi Valdimar Skúlason og fleiri. Tónlist: Memfismafían. Leikstjórn: Atli Rafn Sigurðarson. Þjóðleikhúsið í samstarfi við Baltasar Kormák. Frumsýning á Stóra sviðinu 3. september. 35 sýningar, 13.604 áhorfendur.
4. Maður sem heitir Ove eftir Fredrik Backman. Leikgerð: Marie Persson Hedenius, Johan Rheborg og Emma Bucht. Leikstjórn: Bjarni Haukur Þórsson. Frumsýning í Kassarum 17. september. 4.531 áhorfendur.
5. Íslenski fillinn brúðusýning eftir Bernd Ogradnik. Handrit: Bernd Ogradnik og Hildur M. Jónsdóttir. Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir. Í samstarfi við Brúðuheima. Frumsýning á Brúðuloftinu 17. september. 1.780 áhorfendur.
6. Horft frá brúnni eftir Arthur Miller. Leikstjórn: Stefan Metz. Frumsýning á Stóra sviðinu 30. september. 6.136 áhorfendur.
7. Lofthræddi örninn Örvar eftir Lars Klinting. Leikgerð: Peter Engkvist og Stalle Ahrreman. Leikstjórn: Björn Ingi Hilmarsson. Frumsýning í Vestmannaeyjum 6. október, sýnt víða um land og í Kúlunni. 214 áhorfendur í Reykjavík.
8. Óþelló eftir William Shakespeare. Leikstjórn og leikgerð: Gísli Örn Garðarsson. Frumsýning á Stóra sviðinu 22. desember. 1.780 áhorfendur.

Frumskýningar á samstarfsverkefnum:

1. Mið-Ísland. Sýningar í Leikhúskjallaranum frá 8. janúar. 11.321 áhorfendur.
2. Kvika dansverk eftir Katrínu Gunnarsdóttur sem jafnframt leikstýrði. Í samstarfi við Katrínu Gunnarsdóttur. Frumsýning í Kassarum 3. mars. 336 áhorfendur.
3. Stertabenda eftir Marius von Mayenburg. Leikstjórn: Gréta Kristín Ómarsdóttir. Í samstarfi við leikhópinn. Frumsýning í Kúlunni 23. september. 415 áhorfendur.
4. Ég vil frekar að Goya haldi fyrir mér vöku en einhver djöfulsins fáviti eftir Rodrigó García. Leikstjórn: Una Þorleifsdóttir. Í samstarfi við: ST/una. Frumsýning í Kúlunni 15. október. 328 áhorfendur.

Sýningar Þjóðleikhússins teknar upp að nýju:

1. Í hjarta Hróa hattar eftir David Farr. Leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson og Selma Björnsdóttir. Í samstarfi við Vesturport. Sýningar hefjast að nýju 2. janúar. 19.101 áhorfendur.

2. Sporvagninn Girnd eftir Tennessee Williams. Leikstjórn: Stefán Baldursson. Sýningar hefjast að nýju á Stóra sviðinu 3. janúar. 4.705 áhorfendur.
3. ≈ [um það bil] eftir Jonas Hassan Khemiri. Leikstjórn: Una Þorleifsdóttir. Sýningar hefjast að nýju 3. janúar. 2.885 áhorfendur.
4. Leitinn að jólinum eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Sýningar hefjast á Leikhúslöftinu 26. nóvember. 1.894 áhorfendur.
5. Sögustund fyrir leikskólabörn: Brúðkistan - Bernd og brúðurnar hans. Í samstarfi við Brúðuheima. Sýningar hefjast í Kjallaranum 4. október. 3.160 áhorfendur.

Samstarfsverkefni tekin upp að nýju:

1. Yfir til þín - Spaugstofan 2016. Eftir og í samstarfi við Spaugstofuna. Sýningar hefjast á Stóra sviðinu 7. janúar. 6.851 áhorfendur.
2. Klókur ertu, Einar Áskell. Brúðsýning eftir Bernd Ogrodnik. Í samstarfi við Brúðuheima. Sýningar hefjast á Brúðulöftinu 10. janúar. 1.588 áhorfendur.

Gestaleikir:

1. Improv Ísland spunasýningar. Sýningar í Leikhúskjallaranum frá 3. febrúar. 3.596 áhorfendur
2. Uppistand Siggu Daggar. Sýningar í Leikhúskjallaranum frá 6. mars. 470 áhorfendur.
3. Hvítt barnasýning frá Gaflaraleikhúsinu. Sýningar í Kúlunni frá 17. apríl. 252 áhorfendur.
4. Play danssýning eftir Shantala Shivalingappa & Sidi Larbi Cherkaoui á Listahátíð í Reykjavík. Sýning á Stóra sviðinu 31. maí. 383 áhorfendur.
5. Ekkert að óttast (Gunnar á Leiðarenda), gamanleikur eftir tólf höfunda úr höfundasmiðju Leikfélags Hafnarfjarðar, áhugaleiksýning ársins, sýning í Kassanum 4. júní. 125 áhorfendur.
6. Styrktartónleikar Stefáns Karls á Stóra sviðinu 3. október. 496 áhorfendur.
7. Danssýning frá Hinu húsinu, 7. nóvember. 505 áhorfendur.
8. Leiktur betur, spunasýning frá Hinu húsinu, 8. nóvember. 200 áhorfendur.
9. Ungleikur, leiklistarviðburður frá Hinu húsinu, 9. nóvember. 137 áhorfendur.
10. Jólakósí með Siggu Eyrúnu og Kalla Olgeirs, tónleikar í Leikhúskjallaranum frá 17. desember. 110 áhorfendur.

Leikferðir:

1. Lofthæddi örninn Örvar. Sýningarstaðir: Vestmannaeyjar, Selfoss, Þorlákshöfn, Rif, Borgarnes, Hólmavík, Patreksfjörður, Ísafjörður, Egilsstaðir, Eskifjörður, Blönduós, Skagaströnd, Sauðárkrúkur, Siglufjörður, Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn, Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Akranes. 3.150 áhorfendur.

Heildarfjöldi gesta: 99.245

Nánar um verkefni ársins 2016.

Þjóðleikhúsið setti upp nýjan, íslenskan söngleik, **Djöflaeyjuna**, með nýrri tónlist eftir félagi úr Memfismafiunni. Skáldsögur Einars Kárasonar um fólkið í braggahverfum Reykjavíkur hafa notið mikilla vinsælda, og fyrir tæpum þremur áratugum setti LR upp leikgerð verksins, en nokkru síðar var frumsýnd kvikmynd byggð á því. Efnistöð Þjóðleikhússins að þessu sinni voru hins vegar allt önnur, um var að ræða söngleik með öðrum áherslum á söguþráð og persónur. Verkið fjallar um mikilvægt tímabil í sögu Íslendinga og búsetu Íslendinga í braggahverfum á eftirstríðsárunum, um félagslega útskúfun, fátækt og áfengissýki, en í sýningunni var jafnframt slegið á léttu strengi. Upphaflega var ráðgert að Baltasar Kormákur skrifaði og leikstýrði verkinu, en vegna anna hans var Atli Rafn Sigurðarson fenginn til að leikstýra. Þau Melkorka Tekla Ólafsdóttir sáu um handritsvinnu, auk þess sem sköpunarkraftur leikhópsins var virkjaður við mótun sýningarinnar. Baltasar Kormákur var samstarfsaðili við uppsetninguna og veitti listræna ráðgjöf. Leikmynd sýningarinnar vakti sérstaka athygli, en ryðbrunninn braggi á hvolfi táknaði heimili fjölskyldunnar.

Leikhúsið fékk að nýju til liðs við sig svissneska leikstjórnann Stefan Metz, sem býr í Madrid en starfar víða um Evrópu, meðal annars í Svíþjóð. Honum fylgdi leikmynda- og búningahöfundurinn Sean Mackaoui. Þeir tókust á við eitt af merkustu leikverkum 20. aldarinnar, **Horft frá brúnni** eftir Arthur Miller. Sýningin var sett upp í film-noir stíl, sem skapaði henni óvenjulega listræna umgjörð, og var meðal annars talað um áhrifamikla notkun snúningssviðsins.

Jólasýning Þjóðleikhússins var **Óþelló** eftir William Shakespeare, í leikstjórn og leikgerð Gísla Arnar Garðarssonar, en hann setti sýninguna upp ásamt ýmsum félögum sínum úr Vesturportu. Sýningin var djörf og myndræn í anda Vesturports, en meðal þess sem var óvenjulegt við hana var að kona fór með hlutverk illmennisins Jagós. Hallgrímur Helgason gerði nýja þýðingu á verkinu, og samdi að ósk leikstjóra inn í sýninguna kafla þar sem brugðið var upp mynd af útlendingahatri og fjallað var um stöðu kvenna. Uppsetningunni var ætlað að vekja fólk til umhugsunar um þá mengun af plasti sem nú ógnar heiminum, og var leikmyndin unnin að miklu leyti úr plasti sem endurnýtt verður í leikhúsinu.

Þjóðleikhúsið setti upp sænskan einleik, byggðan á vinsælli skáldsögu, **Maður sem heitir Ove**, þar sem einn fremsti leikari hússins, Sigurður Sigurjónsson, fór á kostum. Farið var með sýninguna í leikför til Akureyrar árið 2017.

Leikhúsið lagði sérstaka áherslu á starf í þágu ungs fólks og barna.

Frumnýnd var barna- og fjölskyldusýningin **Umhverfis jörðina á 80 dögum** eftir Sigurð Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson með nýrri, frumsaminni tónlist. Verkið var byggt á sögu Jules Verne, en í fjörugri og hugmyndaríkri uppfærslu var lögð áhersla á að vekja áhorfendur til umhugsunar um mikilvægi mannréttinda, fjölbreytileika og umburðarlyndis.

Leikhúsið framleiddi í samstarfi við Brúðuheima nýja sýningu, **Íslenska filinn**, eftir brúðumeistarann Bernd Ogrodnik. Sýningin var ætluð börnum, en um leið og miðlað var skemmtilegri sögu af listfengi, leituðust höfundar sýningarinnar við að takast á við stórar spurningar um hlutskipti innflytjenda og ábyrgð okkar gagnvart flóttamönnum.

Þjóðleikhúsið sinnti með einstökum hætti börnum á landsbyggðinni með leikferð um landið með einleikinn **Lofthæddi örninn Örvar**. Sýnt var fyrir elstu börn í leikskólum og yngstu börn í grunnskólum, þeim að kostnaðarlausu. Farið var á yfir 20 staði, og börn úr nágrannabyggðarlögum komu til hvers staðar, þannig að leiksýningin náði til barna frá flestöllum landsvæðum. Var þessu framtaki Þjóðleikhússins afar vel tekið.

Gerð var tilraun til að höfða sérstaklega til þess hóps áhorfenda sem síst sækir leikhús, eða ungs fólks á aldrinum 15-25 ára með uppsetningu á sænska verkinu **Hleyptu þeim rétta inn**. Verkið fjallar um einelti og einangrun, en rammi þess vísar til vinsæls menningarfyrrbrigðis meðal ungs fólks; vampíruskaldskapar.

Þjóðleikhúsið átti samstarf við framsækna hópa ungs leikhúslíftafólks á sviði leiklistar og dans.

Gréta Kristín Ómarsdóttir útskrifaðist frá sviðshöfundabraut leiklistardeildar Listaháskóla Íslands vorið 2016 og þróaði áfram útskriftarverkefni sitt, **Stertabendu** eftir Marius von Mayenburg, til uppfærslu í Þjóðleikhúsinu. Þessi framúrstefnulega sýning vakti mikla athygli. Flestir aðstandendur hennar voru samkynhneigðir, og leikið var á skemmtilegan hátt með þá staðreynd í uppfærslunni, jafnframt því sem leikarar voru óhræddir við að fara yfir ýmis mörk.

Tveir ungir listamenn sem starfa við Þjóðleikhúsið, Una Þorleifsdóttir leikstjóri og Stefán Hallur Stefánsson leikari, settu á svið spænskan einleik, **Ég vil frekar að Goya haldi fyrir mér vöku en einhver djöfulsins fáviti**. Öll áhersla var á list leikarans í einfaldri en fagaðri uppsetningu.

Katrín Gunnarsdóttir hefur verið áberandi í íslenskum dansheimi á undanförunum árum, og setti hún hér upp í samstarfi við leikhúsið nýtt dansverk, **Kvik**. Katrín vann með líkamlega nærveru í samvinnu við unga leikara og dansara.

Improv Ísland spunahópurinn samanstendur af fólki úr ýmsum áttum, leikurum, sviðslistafólki, myndlistarmönnum og rithöfundum, en einnig fólki sem ekki starfar við listir. Hópurinn var með vikulegar sýningar í Leikhúskjallaranum á síðasta leikári, og sló sannarlega í gegn. Má með sanni segja að hópurinn hafi komið eins og ferskur andblær inn í leikhúslífið, og starfsemi hans mun vafalítið hafa áhrif á íslenskt leikhús í framtíðinni. Hópurinn heldur áfram reglulegum sýningum í Kjallaranum leikárið 2016-2017. Nokkrir leikarar Þjóðleikhússins starfa með hópnun.

Hinn vinsæli uppistandshópur Mið-Ísland hefur jafnframt aðsetur í Leikhúskjallaranum, en breiður hópur áhorfenda sækir uppistandið.

Kynfræðingurinn Sigga Dögg var einnig með uppistand í Leikhúskjallaranum.

Sigga Eyrún og Kalli Olgeirs voru með jólatónleika í Leikhúskjallaranum.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við Listahátíð í Reykjavík með því að hýsa danssýninguna Play.

Leikhúsið hafði jafnframt samstarf við Hitt húsið, menningarmiðstöð ungs fólks, með því að hýsa leiksýningu, uppistand og danssýningu.

Þjóðleikhúsið bauð að vanda heim athyglisverðustu áhugasýningu ársins, en að þessu sinni varð fyrir valinu **Ekkert að óttast**, gamanleikur eftir tólf höfunda úr höfundasmiðju Leikfélags Hafnarfjarðar.

Þjóðleikhúsið hýsti athyglisverða barnaleiksýningu frá Gaflaraleikhúsinu, **Hvít**.

Leikari úr framvarðasveit Þjóðleikhússins, Stefán Karl Stefánsson, veiktist alvarlega á árinu. Þjóðleikhúsið brá fljótt við og stóð fyrir styrktartónleikum, í því skyni að aðstoða Stefán Karl og fjölskyldu hans við að takast á við veikindin. Fjölmargir listamenn lögðu hönd á plóg, og varð uppselt á tónleikana á svipstundu.

Ýmis starfsemi:

Umræður eftir 6. sýningu

Þjóðleikhúsið bauð leikhúsgestum upp á umræður með þátttöku listrænna stjórnenda og leikenda sýninga eftir 6. sýningu á hverju verki. Þessar umræður, sem nú eru haldnar sjötta leikárið í röð, hafa tekist afar vel og reynst frjór vettvangur samskipta milli sviðs og salar.

Bein útsending

RÚV sýndi lokasýningu hinnar vinsælu uppfærslu í hjarta Hróa hattar í beinni útsendingu.

Leikhúsuppeldi og fræðsla

Mikill áhugi er hjá börnum og ungmönnum á að koma í heimsókn í leikhúsið á skólatíma. Fjölmargir skólahópar, allt frá leikskólabörnum til háskólanema, fengu að kynna sögu leikhússins og því sem unnið er á bak við tjöldin í tæknideildum. Nemendur koma líka í starfskynningar og staldra þá lengur við og fá nánari innsýn í leikhússtarfið. Þeir vinna síðan verkefni í skólanum um heimsóknina. Það kemur flestum skemmtilega á óvart hversu margbreytileg störfín eru í leikhúsinu, þessu fallega húsi sem þjóðin á.

Sögustund í Þjóðleikhúskjallara

Áttunda leikárið í röð bauð Þjóðleikhúsið öllum börnum í elstu deildum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu á Sögustund í leikhúsinu til að fræðast og njóta leiksýningar. Að þessu sinni sýndi brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sýningu sína "Sögustund fyrir leikskólabörn: Brúðukistan - Bernd og brúðurnar hans" við mikla hrifningu. Sýnt var í Leikhúskjallaranum.

Árvis aðventusýning

Tólfta árið í röð sýndi leikhúsið hina sívinsælu aðventusýningu Leitina að jólnum.

Þjóðleikur til Grænlands og Færeyja

Þjóðleikur er leiklistarverkefni Þjóðleikhússins fyrir ungt fólk, sem hefur verið haldið í samstarfi við ýmsa aðila á landsbyggðinni frá árinu 2009. Leikhópar ungs fólks á landsbyggðinni njóta stuðnings fagaðila í Þjóðleikhúsinu til að setja upp leikrit, sem þeir sýna á leiklistarhátíð í hverjum landshluta.

Verkefnið hefur stöðugt vaxið og dafnað, og sífellt fleiri landsvæði hafa slegist í hópinn. Hróður Þjóðleiks hefur einnig borist út fyrir landssteinana, og lýstu Þjóðleikhús Grænlands og Færeyski Þjóðpallurinn áhuga á samstarfi við Þjóðleikhúsið um koma af stað sambærilegum verkefnum á Grænlandi og í Færeyjum. Í kjölfar samvinnu þessara þriggja aðila eru þessi áform nú orðin að veruleika, og hafa Menningarsjóður Norðurlanda og Vestnorrænn höfuðborgarsjóður Nuuk, Reykjavíkur og Tórshavn veitt styrki til starfseminnar.

Í október komu leikkona frá Þjóðleikhúsi Grænlands og leikhússtjóri Þjóðpallsins færeyska til vinnufundar í Þjóðleikhúsinu þar sem þetta sameiginlega verkefni fór formlega af stað. Af hálfu Þjóðleikhússins stýra Vigdís Jakobsdóttir, sem hefur stýrt Þjóðleik frá upphafi, og Björn Ingi Hilmarsson, leikstjóri við Þjóðleikhúsið, vinnunni. Næstu skref verða svo stigin í byrjun næsta árs þegar leikstjóri og listrænn stjórnandi munu fara til Grænlands og Færeyja að leiðbeina heimamönnum við skipulagningu og framkvæmd Þjóðleiks.

Listráð

Nýtt listráð tók til starfa á hausti, en í því starfa Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri, Melkorka Tekla Ólafsdóttir leiklistarráðunautur, Guðjón Davíð Karlsson leikari, Sigurður Sigurjónsson leikari og Tinna Lind Gunnarsdóttir verkefnastjóri.

Rekstrarreikningur Þjóðleikhússins 2016

Þjóðleikhúsið 2015

Rekstrarreikningur ársins 2015

Tekjur:	2015
Framlag ríkissjóðs	821.400.000
Önnur framlög	17.290.050
Miðasölutekjur	221.087.049
Aðrar tekjur	44.164.746
Samtals tekjur	1.103.941.845
Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld	705.821.367
Önnur gjöld	366.772.132
Samtals gjöld	1.072.593.499
Rekstrarhagnaður	31.348.346
Eigið fé:	
Eigið fé 01.01.2015	-53.263.795
Rekstrarhagnaður 2015	31.348.346
Eigið fé 31.12.2015	-21.915.449

Fjöldi starfsmanna eftir starfssviðum:

Skipulagseining	Ótímabundnar ráðningar		Tímabundnar ráðningar		
	fjöldi	ársverk	fjöldi	ársverk	verktakar
Þjóðleikhússtjóri	2	1,25			
Leiklistarráðunautur	2	1,92			
Fræðsludeild og barnaleikhús	1	0,49	2	0,42	
Tæknistjóri	1	1,00			
Skrifstofa	5	4,42			

Kynningar- og markaðsdeild	2	1,42
Miðasala	5	2,73
Sýningastjórar	3	1,66
Hár og förðun	5	5,00
Hljóðdeild	5	3,83
Leikmunadeild	3	3,00
Leiksvið	10	8,68
Ljósadeild	5	5,00
Saumastofa	6	4,21
Gestamóttaka		
Hús- og dyravarsla aðalbygging	1	1,00
Mötuneyti	2	2,00
Ræsting aðalbygging	2	1,50
Listráð		
Þjóðleikhúsráð		
SAMTALS yfirstjórn og deildir	60	49,10

2	0,08	
7	1,12	
8	0,57	
8	0,48	
2	0,36	
33	4,48	
7	0,59	
5	0,94	
40	4,84	
2	0,78	
1	0,04	
3		
5		
125	14,71	0

Hljóðfæraleikarar		
Hljóðmyndir		
Höfundar og þýðendur		
Leikarar	22	17,41
Leikarar aukaleikarar		
Leikmynda- og búningahöfundar		
Leikstjórar og aðst.m.	3	1,27
SAMTALS listasvið	25	18,68

10		3
		5
		18
42	14,97	1
36		
11	3,18	4
3	0,70	3
102	18,85	34

SAMTALS	85	67,77
---------	----	-------

227	33,56	34
-----	-------	----